**Byggðastofnun**
**Þróunarsvið**

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/2003
komudagur 11.4.2011

Dagsetning 11. apríl 2011

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um ferðamálaáætlun 2011-2020, 467. mál.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif frumvarpsins á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun telur mikilvægt að fyrir liggi ákvarðanir um hvers konar ferðamennsku viðkomandi svæði sækist eftir og hvers konar upplifun er ætlað að veita og telur að skilgreina þurfi sérstöðu svæða.

Byggðastofnun leggur áherslu á að jafna dreifingu ferðamanna um landið í þeim tilgangi að bæta nýtingu fjárfestinga.

Miklar árstíðasveiflur er vandamál ferðaþjónustuaðila á landsbyggðinni. Til að hægt sé að lengja ferðamannatímabilið þarf skýra stefnumótun, t.d. um að opna svæðisbundnar upplýsingamiðstöðvar fyrr á vorin og að loka síðar á haustin.

Mikilvægt er að efla þolmarkarannsóknir, vöruþróun og markaðssetningu til að ná fram betri dreifingu ferðamanna um landið og nýtingu fjárfestinga í greininni.

Byggðastofnun gerir ekki athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um ferðamálmálaáætlun 2011-2020, mál 467.

Virðingarfyllst

Sigríður Elín Þórðardóttir
*Sérfræðingur á þróunarsviði*
*Byggðastofnunar.*

Guðmundur Guðmundsson
*Sérfræðingur á þróunarsviði*
*Byggðastofnunar*

**Heimilisfang** Ártorg 1 **Sími** 455 5400 **Bréfsími** 455 5499 **Netfang** bygg@bygg.is **Heimasíða** http://www.bygg.is
550 Sauðárkrókur